



A 1607/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
– Fyrirvari
– Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00313-9

Nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar um

Þingmannatillögu um aukna áherslu á réttindi launafólks

1. Tillaga nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til

að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu um aukna áherslu á réttindi launafólks.

2. Sjónarmið nefndarinnar

Þann 22. janúar 2014 tók efnahags- og viðskiptanefnd þingmannatillögu um aukna áherslu á réttindi launafólks til umfjöllunar. Nefndarfulltrúar eru á einu máli um mikilvægi þeirra atriða sem snert er á í þingmannatillögunni, en fulltrúar úr flokkahópi hægri manna, flokkahópi miðjumanna og Norrænu frelsi geta ekki lýst stuðningi sínum við orðalag þingmannatillögunnar eða þær forsendur sem hún byggir á. Í þess stað er minnt á tvær stórar ráðstefnur um vinnumarkaðsmál, sem fram fara á árinu 2014, sem kjörinn vettvang til að ræða umfjöllunarefni þingmannatillögunnar.

Fulltrúar úr flokkahópi jafnaðarmanna og flokkahópi vinstri sósíalista og grænna töldu að fela ætti skrifstofu Norðurlandaráðs að vinna tillöguna betur, og að hana mætti svo taka upp á ný að fyrrnefndum ráðstefnum loknum, ef svo færi að málin hafi ekki borið þar á góma.

Farið var fram á atkvæðagreiðslu um málið og féllu fimm atkvæði með og fimm á móti, en fundarstjóri úrskurðaði borgara-/frelsisflokkunum í vil.

Fulltrúar úr flokkahópi jafnaðarmanna og flokkahópi vinstri sósíalista og grænna gerðu fyrirvara við ákvörðunina. Fyrirvarann má lesa hér fyrir neðan.

Norðurlandaráð

3. Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindu leggur efnahags- og viðskiptanefnd til

að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu um aukna áherslu á réttindi launafólks.

Kaupmannahöfn, 22. janúar 2014

Arto Pirttilahti (cent)
Cecilie Tenfjord-Toftby (M),
formaður

Eero Suutari (saml)
Heidi Nordby Lunde (H)
Mikkel Dencker (DF)

A 1607/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
– Fyrirvari
– Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00313-9

Fyrirvari:

Norðurlönd hafa ekki farið varhluta af þróun, sem nú gætir í Evrópu og um heim allan, í þá átt að veitast að og grafa undan grundvallarréttindum launafólks (t.d. hafa atvinnurekendur sett spurningarmerki við verkfallsrétt á vettvangi Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar). Ýmsar birtingarmyndir svarts hagkerfis og félagslegs undirboðs, jafnvel dæmi um vinnutengda þrælasölu, eru staðreynd á Norðurlöndum. Þessi þróun grefur undan vinnuþingum og leiðir til skaðlegs samkeppnisumhverfis fyrir bæði launafólk og heiðarleg fyrirtæki.

Við teljum afar mikilvægt að tryggja réttindi launafólks, vinna gegn félagslegu undirboði í löndunum og að mikil þörf sé á að takast á við þessi mál í sameiningu á norrænum vettvangi. Því teljum við að taka beri þingmannatillöguna til ítarlegrar umfjöllunar í samræmi við álit flokkahóps jafnaðarmanna og flokkahóps vinstri sósíalista og grænna.

Með hliðsjón af ofangreindu leggja mælendur fyrirvara til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún haldi ráðstefnu með því markmiði að varpa ljósi á forsendu og reynslu landanna og sjálfstjórnarsvæðanna af málefnum tengdum réttindum launafólks og félagslegu undirboði. Takmarkið er að skapa sameiginlegan skilning og efla þannig frekara starf í réttindamálum launafólks á Norðurlöndum og búa atvinnulífinu sanngjarnt samkeppnisumhverfi.

Kaupmannahöfn, 22. janúar 2014

Anders Karlsson (S)
Désirée Liljevall (S)
Ruth Mari Grung (A)

Tarja Filatov (sd)
Steingrímur Sigfússon (VG)

ÞINGMANNATILLAGA

Norðurlandaráð

A 1607/næring

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:
– Fyrirvari
– Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00313-9

Þingmannatillaga um aukna áherslu á réttindi launafólks

Flokkahópur jafnaðarmanna og flokkahópur vinstri sósíalista og grænna í Norðurlandaráði vilja varpa ljósi á tilhneigingu, sem gætt hefur í Evrópu og alþjóðlegu samhengi, til að þrengja að grundvallarréttindum launafólks í stað þess að standa vörð um þau og efla. Vaxandi atvinnuleysi á Norðurlöndum í kjölfar fjármálakreppunnar er meðal orsaka þess að nú kreppir að kjörum launafólks. Reglur Evrópusambandsins um frjálsa för launafólks, svo og túlkun Evrópudómstólsins á þeim reglum, hafa takmarkað möguleika stéttarfélaganna og aðildarríkja á að stemma stigu við þessari þróun.

Þess gætir í síauknum mæli að atvinnurekendur notfæri sér erfiðar aðstæður launafólks og atvinnulausra og setji t.d. óraunhæfar kröfur varðandi launamál, vinnutíma og markmið. Í öðrum tilfellum hefur verið talað um grófa misnotkun á starfsfólki. Gott og heilbrigt atvinnulíf, þar sem réttindi hvers starfsmanns eru virt og þar sem fólk starfar við sómasamlegar aðstæður og eftir gildum samningum, eru snar þáttur trausts velferðarsamfélags.

Með hliðsjón af ofangreindu leggja flokkahópur jafnaðarmanna og flokkahópur vinstri sósíalista og grænna til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að halda ráðstefnu með því markmiði að varpa ljósi á forsendu og reynslu landanna og sjálfstjórnarsvæðanna af málefnum tengdum réttindum launafólks og félagslegu undirboði. Takmarkið er að skapa sameiginlegan skilning og efla þannig frekara starf í réttindamálum launafólks á Norðurlöndum.

Ósló, 28. október 2013

Flokkahópur jafnaðarmanna:

Annette Lind (S)

Ann-Kristine Johansson (S)

Helgi Hjörvar (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Jorodd Asphjell (A)

Karen Klint (S)

Karin Åström (S)

Katarina Köhler (S)

Kim Kielsen (S)

Kjell-Idar Juvik (A)

Knut Storberget (A)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Maria Stenberg (S)

Marit Nybakk (A)

Per Rune Henriksen (A)

Phia Andersson (S)

Rasmus Lynghøj (S)

Sonja Mandt (A)

Flokkahópur vinstri sósíalista og grænna:

Finn Sørensen (EL)

Högni Höydal (T)

Björt Samuelsen (T)

Johan Lund Olsen (IA)

Juliane Henningsen (IA)

Kristen Touborg (SF)

Marianne Berg (V)

Steingrímur J. Sigfússon (VG)

Torgeir Knag Fylkesnes (SV)

Norðurlandaráð

A 1607/næring

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Fylgiskjal:

– Fyrirvari

– Þingmannatillaga

Málsnúmer: 13-00313-9